

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 359/2012**

2014/EES/67/46

frá 25. apríl 2012

um samþykki fyrir virka efninu metamí, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 78. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við c-lið 1. mgr. 80. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽²⁾ að gilda um virk efni sem heilleiki hefur verið staðfestur fyrir í samræmi við 16. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 33/2008 frá 17. janúar 2008 um nákvæmar reglur um beitingu tilskipunar ráðsins 91/414/EBE að því er varðar reglubundna og hraða málsmeðferð fyrir matið á virku efnunum sem voru hluti af vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunarinnar en hafa ekki verið færð á skrá í I. viðauka ⁽³⁾, að því er varðar málsmeðferð og skilyrði fyrir samþykki. Metam er virkt efni sem heilleiki hefur verið staðfestur fyrir í samræmi við þá reglugerð.

2) Í reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 451/2000 ⁽⁴⁾ og (EB) nr. 1490/2002 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd annars og þriðja áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar 91/414/EBE og teknar saman skrár yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE. Þær skrár náðu

yfir metam. Með ákvörðun ráðsins 2009/562/EB frá 13. júlí 2009 um að færa metam ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og um afturköllun leyfa fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda efnið ⁽⁶⁾ var ákveðið að færa metam ekki á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE.

3) Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 91/414/EBE lagði upprunalegi tilkynnandinn (hér á eftir nefndur „umsækjandinn“) fram nýja umsókn þar sem óskað var eftir að flýtimeðferð yrði beitt, eins og kveðið er á um í 14. til 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 33/2008.

4) Umsóknin var lögð fyrir Belgíu sem samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1490/2002 hafði verið tilnefnt sem skýrslugjafaraðildarríki. Timabilið fyrir flýtimeðferð var virt. Forskrifin á virka efninu og ætlaðri notkun er sú sama og fjallað var um í ákvörðun 2009/562/EB. Umsóknin uppfyllir einnig eftirstandandi efnislegar kröfur og kröfur um málsmeðferð í 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 33/2008.

5) Belgía mat viðbótargögnin sem umsækjandinn lagði fram og samdi viðbótarskýrslu. Belgía sendi Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) og framkvæmdastjórninni skýrsluna 31. ágúst 2010.

6) Matvælaöryggisstofnunin sendi viðbótarskýrsluna til hinna aðildarríkjanna og umsækjandans til að fá athugasemdir þeirra og sendi móttæknar athugasemdir áfram til framkvæmdastjórnarinnar. Í samræmi við 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 33/2008 og að beiðni framkvæmdastjórnarinnar lagði Matvælaöryggisstofnunin niðurstöður sínar um metam fyrir framkvæmdastjórnina 8. ágúst 2011 ⁽⁷⁾. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu drögin að matsskýrslunni, viðbótarskýrsluna

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 114, 26.4.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 15, 18.1.2008, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 55, 29.2.2000, bls. 25.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 224, 21.8.2002, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 22.

⁽⁷⁾ Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance metam.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9),2334.[97 bls.] doi:10.2903/j.efs.2011.2334. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal.htm

- og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar innan fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og þeirri endurskoðun lauk 9. mars 2012 með endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar um metam.
- 7) Í viðbótarskýrslu skýrslugjafaraðildarríkisins og nýjum niðurstöðum Matvælaöryggisstofnunarinnar er einkum fjallað um þau áhyggjuefni sem urðu til þess að efnið var ekki fært á skrá. Þessi áhyggjuefni voru einkum þau að ekki var hægt að sýna fram á að váhrif, sem neytendur verða fyrir, væru ásættanleg og skortur á gögnum að því er varðar hegðun óhreinindanna N,N-dímetylþíóúrea (DMTU) í umhverfinu.
- 8) Nýju upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram sýna að váhrif á neytendur geti talist ásættanleg og að hegðun N,N-dímetylþíóúrea í umhverfinu leiði ekki til óviðunandi áhrifa.
- 9) Af þessum sökum gera viðbótarupplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram, það kleift að útiloka þau sérstöku áhyggjuefni sem leiddu til þess að efnið var ekki fært á skrá.
- 10) Margt konar rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að plöntuverndarvörur sem innihalda metam fullnægi almennt kröfunum sem mælt er fyrir um í a- og b-lið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/414/EBE, einkum að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar. Því er rétt að samþykka metam í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 11) Í samræmi við 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, í tengslum við 6. gr. þeirrar reglugerðar og í ljósi nýjustu vísinda- og tækniþekkingar, er þó nauðsynlegt að hafa tiltekin skilyrði og takmarkanir.
- 12) Með fyrirvara um þá niðurstöðu að samþykka eigi metam er einkum rétt að krefjast frekari upplýsinga til staðfestingar.
- 13) Áður en samþykkið er veitt ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin og hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja samþykkinu.
- 14) Án þess að það hafi áhrif á skuldbindingarnar í kjölfar samþykkis, sem skilgreindar eru í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, og með tilliti til hinnar sértæku aðstöðu sem skapast af umskiptum frá tilskipun 91/414/EBE yfir í reglugerð (EB) nr. 1107/2009 ætti þó eftirfarandi að gilda: Aðildarríkin ættu að fá frest að veittu samþykki til að endurskoða leyfi fyrir plöntuverndarvörum, sem innihalda metam, sem hefur verið haldið við vegna tiltekinnar notkunar í samræmi við 3. gr. ákvörðunar 2009/562/EB. Taka ber tillit til þess ákvæðis þegar tímabilið er reiknað út. Aðildarríkin ættu að breyta, skipta út áður útgefnum leyfum eða afturkalla þau, eins og við á.
- 15) Ef aðildarríkin veita einhvern frest í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar plöntuverndarvörur sem innihalda metam ætti að taka tillit til 4. gr. ákvörðunar 2009/562/EB við útreikning tímabilsins. Þar af leiðir að slíkur frestur ætti að renna út eigi síðar en 31. desember 2014.
- 16) Reynslan sem fengist hefur af færslu virkra efna á skrá í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE, sem eru metin innan ramma reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 3600/92 frá 11. desember 1992 um nákvæmar reglur um framkvæmd fyrsta áfanga vinnuáætlunar sem um getur í 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽⁸⁾, hefur sýnt að vandi getur skapast við túlkun á skyldum handhafa gildandi leyfa í tengslum við aðgang að gögnum. Til að forðast frekari vanda virðist því nauðsynlegt að skýra skyldur aðildarríkjanna, einkum þá skyldu að sannreyna að handhafi leyfis geti sýnt fram á að hann hafi aðgang að málsskjölum sem fullnægja kröfunum í II. viðauka við þá tilskipun. Hins vegar leggur þessi útskýring engar nýjar skyldur á aðildarríki eða handhafa leyfa sem jafnast á við tilskipanirnar, sem hafa verið samþykktar fram að þessu til breytingar á I. viðauka við þá tilskipun, eða reglugerðirnar þar sem virk efni eru samþykkt.
- 17) Í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni⁽⁹⁾ til samræmis við það.
- 18) Til glöggvunar skal fella úr gildi ákvörðun 2009/562/EB.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Samþykki fyrir virkum efnum

Virka efnið metam, eins og það er tilgreint í I. viðauka, er samþykkt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Endurmat á plöntuverndarvörum

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og ef nauðsyn krefur, breyta áður útgefnum leyfum fyrir plöntuverndarvörum sem innihalda metam sem virkt efni, eða afturkalla þau, eigi síðar en 31. desember 2014.

Fyrir þann dag skulu þau sannreyna sérstaklega að skilyrðin í I. viðauka við þessa reglugerð hafi verið uppfyllt, að undanskildum þeim sem tilgreind eru í B-hluta dálksins um sértæk ákvæði í þeim viðauka, og að handhafi leyfisins hafi undir höndum málsskjöl, eða hafi aðgang að málsskjölum, sem

⁽⁸⁾ Stjóð. EB L 366, 15.12.1992, bls. 10.

⁽⁹⁾ Stjóð. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1.

uppfylla kröfurnar í II. viðauka við tilskipun 91/414/EBE í samræmi við skilyrðin í 1. til 4. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar og 62. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin endurmeta, í samræmi við samræmdu meginreglurnar sem um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, á grundvelli málskjala sem uppfylla kröfurnar í III. viðauka við tilskipun 91/414/EBE og að teknu tilliti til B-hluta dálksins um sértæk ákvæði í I. viðauka við þessa reglugerð, hverja plöntuverndarvöru sem leyfi er fyrir og inniheldur metam, annaðhvort sem eina virka efnið eða sem eitt af nokkrum virkum efnum sem hafa öll verið skráð í viðaukann við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 eigi síðar en 30. júní 2012. Þau skulu ákvarða á grundvelli þess mats hvort varan uppfyllir skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun skulu aðildarríkin:

- a) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 ef um er að ræða vöru sem inniheldur metam sem eina virka efnið eða
- b) breyta leyfinu eða afturkalla það, ef nauðsyn krefur, eigi síðar en 30. júní 2016 eða eigi síðar en þann dag, ef sá dagur er síðar, sem ákveðinn er fyrir slíka breytingu eða afturköllun í viðkomandi gerð, eða gerðum, þar sem viðkomandi efni, eða efnum, var bætt við í I. viðauka við tilskipun 91/414/EBE eða þar sem efnið, eða efnin, fengu samþykki, ef um er að ræða vöru sem inniheldur metam sem eitt af nokkrum virkum efnum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. apríl 2012.

3. gr.

Frestir

Ef aðildarríki afturkalla eða breyta áður útgefnum leyfum í samræmi við 1. mgr. 2. gr. skulu allir frestir, sem aðildarríki veita í samræmi við 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, vera eins stuttir og unnt er og skulu renna út eigi síðar en 31. desember 2014.

4. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2009/562/EB er felld úr gildi.

6. gr.

Gildistaka og dagurinn þegar reglugerðin kemur til framkvæmda

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIDAUKI

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki (1)	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértek ákvæði
Metam CAS-nr. 144-54-7 CIPAC-nr. 20	Metyldíþíókarbamín-sýra	<p>≥ 965 g/kg</p> <p>Gefið upp sem metammatrium miðað við þurrvigt</p> <p>≥ 990 g/kg</p> <p>Gefið upp sem metammatrium miðað við þurrvigt</p> <p>Óhreinindi sem skipta máli: metýlísóþíósýanat (MITC)</p> <p>– að hámarki 12 g/kg miðað við þurrvigt (metammatrium)</p> <p>– að hámarki 0,42 g/kg miðað við þurrvigt (metammatrium)</p> <p>N,N'-dímetýlþíóúrea (DMTU)</p> <p>– að hámarki 23 g/kg miðað við þurrvigt (metammatrium)</p> <p>– að hámarki 6 g/kg miðað við þurrvigt (metammatrium)</p>	1. júlí 2012	30. júní 2022	<p>A-HLUTI</p> <p>Einungis má leyfa að efnið sé notað sem þráðormaeitur, sveppæyðir, illgresiseyðir og skordýræitir til notkunar sem svæliefni í jarðvegi fyrir gróðursetningu, takmarkað við eina notkun á þriggja ára fresti á sama akur.</p> <p>Leyfa má notkun á opnu rektunarlendi, með inndælingu í jarðveg eða dreypivökvun, og í gróðurhúsum einungis með dreypivökvun. Mæla skal fyrir um notkun loffþéttar filmu úr plasti við dreypivökvun.</p> <p>Hámarkskammtastærð skal vera 153 kg/hektara (samsvarar 86,3 kg/hektara af metýlísóþíósýanati) ef um er að ræða notkun á opnu rektunarlendi.</p> <p>Leyfi skulu takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni.</p> <p>B-HLUTI</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðanna í endurskoðunarskýrslunni um metam, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvelaferlið og heilbrigði dýra frá 9. mars 2012.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin:</p> <p>a) gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. með notkun á viðeigandi persónuhlífum og takmörkunum á daglegum vinnutíma,</p> <p>b) gefa vernd starfsmanna sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. með notkun á viðeigandi persónuhlífum, tíma þegar aðgangur er bannaður og takmörkunum á daglegum vinnutíma,</p> <p>c) gefa vernd vegfarenda og fúa sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. viðeigandi varðbelta meðan á notkun stendur og í sólarhring eður það, frá jafri svæðisins þar sem efnið er beitt að öllum bástöðum sem búið er í og svæðum sem almenningur notar, og skyldu til að nota viðvörðunarkerki og merki á jörðina,</p> <p>d) gefa sérstakan gaum að vernd grunnvatns ef virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/öða lofslagsskilyrði og skulu tryggja að í notkunarskilyrðunum felist ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. viðeigandi varðbelta,</p> <p>e) gefa áhættu fyrir lífverur utan markhóps sérstakan gaum og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, efir því sem við á.</p>

Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sérnaek ákvæði
					<p>Umsekjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar um metýlisóþróýanar að því er varðar:</p> <p>1) mat á möguleikanum á því að efnið berist langar leiðir i andrúmsloftinu og tengdri umhverfis- áhrættu,</p> <p>2) mögulega mengun grunnvatns.</p> <p>Umsekjandinn skal leggja slíkar upplýsingar fyrir framkvæmdasjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. maí 2014.</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna i endurskoðunarskýrslunni.

II. VIÐAUKI

Í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 bætist eftirfarandi færsla við:

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértek ákvæði
„22	Metam CAS-nr. 144-54-7 CIPAC-nr. 20	Metylþíókarbamínsýra	<p>≥ 965 g/kg</p> <p>Gefið upp sem metannatríum miðað við þurrefni</p> <p>≥ 990 g/kg</p> <p>Gefið upp sem metamkalíum miðað við þurrvígt</p> <p>Óhreinindi sem skipta máli:</p> <p>metylísopíósýanat (MITC)</p> <p>– að hámarki 12 g/kg miðað við þurrvígt (metannatríum)</p> <p>– að hámarki 0,42 g/kg miðað við þurrvígt (metamkalíum)</p> <p><i>N,N'</i>-dímetýlþíóúrea (DMTU)</p> <p>– að hámarki 23 g/kg miðað við þurrvígt (metannatríum)</p> <p>– að hámarki 6 g/kg miðað við þurrvígt (metamkalíum)</p>	1. júlí 2012	30. júní 2022	<p>A-HLUTI</p> <p>Einungis má leyfa að efnið sé notað sem þráðormaeitur, sveppaeýðir, illgresiseýðir og skordýræiður til notkunar sem svælfefni í jarðvegi fyrir gróðursemingu, takmarkað við eina notkun á þriggja ára fresti á sama akur.</p> <p>Leyfa má notkun á opnu ræktunarlandi, með innðælingu í jarðveg eða dreypivökvun, og í gróðurhúsum einungis með dreypivökvun. Mæla skal fyrir um notkun lofþéttar filmu úr plasti við dreypivökvun.</p> <p>Hámarksskammtastærð skal vera 153 kg/hektara (samsvarar 86,3 kg/hektara af metýlísopíósýanati) ef um er að ræða notkun á opnu ræktunarlandi.</p> <p>Leyfi skulu takmarkast við þá sem nota efnið í atvinnuskyni.</p> <p>B-HLUTI</p> <p>Við framkvæmd samræmdu meginreglnanna, eins og um getur í 6. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, skal taka tillit til niðurstaðanna í endurskoðunarskýrslummi um metam, einkum í I. og II. viðbæti við hana, í lokagerð fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra frá 9. mars 2012.</p> <p>Í þessu heildarmati skulu aðildarríkin:</p> <p>a) gefa vernd notenda sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. með notkun á víðeigandi persónuhlífum og taktörkunum á daglegum vinnutíma,</p> <p>b) gefa vernd starfsmanna sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. með notkun á víðeigandi persónuhlífum, tíma þegar aðgangur er bannaður og taktörkunum á daglegum vinnutíma,</p> <p>c) gefa vernd vegfarenda og íbúa sérstakan gaum og tryggja að notkunarskilyrðin taki til ráðstafana til að draga úr áhættu, s.s. víðeigandi varðbelta meðan á notkun stendur og í sólarhring eftir það, frá jaðri svæðisins þar sem efnið er beitt að öllum bústöðum sem búið er í og svæðum sem almenningur notar, og skyldu til að nota víðvörðunarmerki og merki á jörðina,</p> <p>d) gefa sérstakan gaum að vernd grunnvatns ef virka efnið er notað á svæðum sem eru viðkvæm að því er varðar jarðvegs- og/eða loftslagskilyrði og skulu tryggja að í notkunarskilyrðunum felist ráðstafanir til að draga úr áhættu, s.s. víðeigandi varðbelta,</p>

Nr.	Almennt heiti, kenninúmer	IUPAC-heiti	Hreinleiki ⁽¹⁾	Dagsetning samþykkis	Samþykki rennur út	Sértek ákvæði
						<p>e) gefa áhættu fyrir lífverur utan markhóps sérstakan gaum og tryggja að skilyrði fyrir leyfinu taki til ræðstafana til að draga úr áhættu, eftir því sem við á.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja fram upplýsingar til staðfestingar um metýlisþróýáanat að því er varðar:</p> <p>1) mat á möguleikanum á því að efnið berist langar leiðir í andrúmsloftinu og tengdri umhverfisááættu,</p> <p>2) mögulega mengun grunnvatns.</p> <p>Umsækjandinn skal leggja slíkar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. maí 2014.“</p>

⁽¹⁾ Frekari upplýsingar um auðkenni og forskrift fyrir virku efni er að finna í endurskoðunarskýrslunni.